

**Ed.**

**370. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmenn: Kristinn Danielsson og Sigurður Stefánsson.

1. Við fyrirsögn frumvarpsins.

Í stað orðanna: »breyting á sveitarstjórnarlögum«, komi:  
viðauka við sveitarstjórnarlög.

2. Við 1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist:

ef hreppsnefnd ákveður eða  $\frac{1}{4}$  hluti kjósenda, sem á kjörskrá standa, óskar þess, og skal þá farið eftir ákvæðum þessara laga, en ella sem áður eftir nógildandi lögum.

Ef hreppsnefnd ákveður leynilega kosning, skal hún auglýsa það 2 vikum fyrir kjörfund.

Sje óskín frá kjósendum, skal hún komin skrifleg til oddvita kjörstjórnar áður en 3 vikur eru liðnar frá því er kjörskrá lá frammi, sje um reglulega kosning að ræða, en viku fyrir kjörfund, ef aukakosning á fram að fara.

*Varatillaga  $\frac{1}{10}$  (ef  $\frac{1}{4}$  fellur).*

3. Við 8. gr.

Greinin falli burt.